

Tónkjallarinn ehf.
610404-3160
23. maí 2022

Sveitarfélagið Árborg

v/ Ósk um aukinn kvóta til handa Tónkjallaranum ehf. v. Tónsmiðju Suðurlands.

Ágæta bæjarstjórn.

Ásókn eykst jafnt og þétt í nám í Tónsmiðju Suðurlands. Vegna fárra plássna höfum við þurft að hafa tvo nemendur á hvert nemendagildi/pláss. Að auki eru fjölmargir nemendur á biðlista eftir auknu námi hjá Tónsmiðjunni.

Um áramótin 2021-2022 fengum við aukningu hjá Árborg um 15 nemendur. Við deildum þeim kvóta á 27 nemendur sem þá voru á námskeiðum og biðu eftir pláss. Þetta var gert án þess að auglýsa nokkuð sérstaklega. Það er því deginum ljósara að sá kvóti sem við höfum í dag (30 nemenda gildi) dugar hvergi nærri til að anna eftirspurn, hvað þá ef við myndum nú auglýsa eftir umsóknum um nám.

Eðlilega setur það starfinu skorður að geta ekki boðið nemendum upp á fullt nám, sérstaklega að loknu grunnprófi.

Hjá okkur eru ávallt á milli 40-50 nemendur á biðlista og ljóst að eftirspurn eftir tónlistarnámi eykst fremur en hitt, hvað þá með auknum íbúafjölda.

Þess má geta að þrír nemendur Tónsmiðju Suðurlands kepptu í Söngkeppni FSu núna í vetur og uppskar einn nemandinn 2. sæti í þeirri keppni, Klara Ósk Sigurðardóttir. Einnig keppti annar nemandi Tónsmiðju Suðurlands, Eva Katrín Daníelsdóttir Cassidy í Samfés keppninni á landsvísu og hreppti 2. sæti af ríflega 40 keppendum.

Kennarar Tónsmiðju Suðurlands á nýafstöðnu skólaári eru: Alexander Freyr Olgeirsson, Arna Dögg Sturludóttir, Daniel Karl Cassidy, Ingibjörg Erlingsdóttir Ljósbrá Loftsdóttir og Stefán Þorleifsson.

Meðfylgjandi slóðir sýna brot úr starfi skólans:

<https://www.youtube.com/watch?v=ZcxE5YUj70k>

<https://www.youtube.com/watch?v=nQUJJoJ2z4E>

<https://www.youtube.com/watch?v=TadtpiSBT6M>

https://www.youtube.com/watch?v=1bq_8JfOpc4&t=8s

Með von um að sveitarfélagið sjái sér fært að styðja við aukna fjölbreytni í tónlistanámi í Árborg.

Virðingarfyllt
f.h. Tónsmiðju Suðurlands

Ingibjörg Erlingsdóttir

Stefán Þorleifsson